

Göngufólk á öllum aldri

Hér kemur gönguskrá sumarsins á vegum kvenfélags Ljósvetninga. Göngurnar eru á þriðjudagskvöldum og lagt af stað í allar göngur kl. 20:15 nema annað sé tekið fram. Ef göngu lýkur á öðrum stað en á upphafsstað verða bílar á staðnum til að ferja fólk til baka.


18. júní. Bjarmavöllur. Gengið upp á gamla íþróttavöllinn á melnum og til baka.
25. júní. Níphólstjörn. Mæting á Stórutjarnir.
2. júlí. Vaglaskógur. Mæting við búðina í skóginum.
9. júlí. Hrifluvegur. Mæting við Hriflu II og gengið í Staðarfell.
16. júlí. Björg. Mæting norðan við Björg. Gengið út að sjó.
23. júlí. Aldeyjarfoss. Ath! breyttur tími kl. 19:30. Mæting við Stórutungu.
30. júlí. Sólvangur - Fornhólar. Mæting við Sólvang.
6. ágúst. Þorgeirskirkja. Mæting við Öxarárbrú.

Þegar líða tekur á sumar er stefnt á að ganga einhvern laugardag frá Krossi upp Krossöxl og í Sólvang. Þessi ferð verður auglýst síðar.

Allir velkomnir
Með von um gott göngusumar,

Helen s: 864-3228, Hulda s: 868-1975,
Heiða s: 894-2990

Geymið auglýsinguna



MENNINGARRÁÐ
EYFINGIS

Sveitarsetrið
Draflastaðir



Kór Möðruvallaklaustursprestakalls

Í samvinnu við Leikfélag Hörgdæla heldur tónleika við ljóð Davíðs Stefánssonar frá Fagraskógi og Jónasar Hallgrímssonar frá Hrauni

Frumflutt verða þrjú ný lög eftir tónskáldin Sigrúnu Mögnu Þórsteinsdóttur, Daniel Þórsteinsson og Guðmund Óla Gunnarsson

Kórstjóri er Sigrún Magna Þórsteinsdóttir

Miðvikudaginn 12. júní kl. 20:00 í hlöðunni að Stóra-Dunhaga, Hörgársveit

Fimmtudaginn 13. júní kl. 20:00 í hlöðunni að Draflastaðum, Þingeyjarsveit

Aðgangseyrir er 1000 kr

Léttar veitingar eftir tónleikana



Draflastaðir




Heimboð á Jónsmessunótt

Jólasveinarnir í Dimmuborgum bjóða gestum og gangandi í heimsókn í helli í Dimmuborgum á Jónsmessunótt. Heimboðið verður 23. júní frá kl. 22-01.00. Þá verður mikil gleði þar sem jólasveinarnir taka á móti gestum, spjalla, syngja og segja sögur. Það er óhætt að segja að það ríkir mikil spenna í helli jólasveinanna vegna þessa heimboðs en þeir eru á fullu að vinna í undirbúningi.

Til að hjálpa gestum að finna hellinn verða sett upp skilti í Dimmuborgum sem vísa veginn og settur verður upp baukur þar sem gestir eldri en 18 ára greiða kr.1.000,- fyrir heimsóknina. Jólasveinarnir hvetja alla til að taka nóttina frá og koma í heimsókn í Dimmuborgir. Nánari upplýsingar verða birtar á vef Mývatnsstofu www.visitmyvatn.is

Tónleikar Sálubótar í Þorgeirskirkju.



Söngfélagið Sálubót heldur tónleika í Þorgeirskirkju fimmtudaginn 20. Júní kl. 20:30. Kórinn heldur til Ítalíu 22. Júní og verður efnisskráin á tónleikunum sú hin sama og sungin verður á Ítalíu. Vonumst til að sjá ykkur sem flest, ef þið getið litið upp úr vorverkunum. Aðgangseyrir er 2000 kr og enginn posi á staðnum.

Stjórnin.

Frjálsíþróttæfingar H.S.Þ. á Laugavelli.



Æfingar fyrir 10 ára og eldri eru á
þriðjudögum og fimmtudögum kl. 19-20:30

Fyrir 9 og yngri eru æfingar á fimmtudögum kl.17-18

Frjálsíþróttaráð H.S.Þ

Þingeyjarskóli – skólaliði

Þingeyjarskóli auglýsir eftir skólaliða í u.þ.b. 60%
starf. Umsóknarfrestur er til 20. júní.

Nánari upplýsingar veitir skólastjóri í síma
864-4310 eða á netfangi
harpa@hafraekjarskoli.is

Til sölu

Til sölu Valtra 6850 dráttarvél með tækjum 125 hestöfl, árgerð
2005 notuð um 4000 tíma og Vicon rúllusamstæða árgerð 2001
notuð um 14000 rúllur.

Massey Ferguson 390 afturdrifin árgerð 1992 einnig heybyrta
Krone 6x7 dragtengd á vagni árgerð 2008 vinnslubreidd 7,7
metrar.

Upplýsingar í síma 898-8357.

Til sölu

vörubíladekk á felgum 900 R 20 góð undir vagn. Einnig
tindar, armar og múgbretti á einnar stjörnu Fella TS 350
rakstrarvél. Verð samkomulagsatriði.

Sveinbjörn á Búvöllum 898-8306

TIL SÖLU

Skoda Octavia Combi 4x4

beinskiptur - bensín 2.0

árg. 2002 - ekinn 337.000 km

góð heilsársdekk - skoðaður 2014

Rúmgóður ljúflingur, duglegur í snjónum
Er við góða heilsu en þarfnast örlítillar umönnunar
og fæst því á afar hagstæðum kjörum

Upplýsingar í Brekkutúni s: 462 6210

Jónas s: 897 0275

Nanna s: 862 6240



Kaffihúsið



Bókakaffi með listviðburðum


Skógum Fnjóskadal

Opnað föstudaginn 14. júní

Opið alla daga frá 11:00 – 18:00

Grænlenka listakonan Anna Elionora opnar
sýningu sína 14. júní

Fjölbreytt úrval af brauði og kökum
bæði þjóðlegt og framandi



Verið hjartanlega
velkomin

Aðalfundur Ferðamálasamtaka Þingeyjarsveitar

verður haldin í **Kiðagili** mánudaginn **24. júní kl 14:00**

Auk almennra aðalfundarstarfa verður ný
heimasíðafélagsins www.visitgodafoss.is opnuð
og "Be Iceland" appið kynnt.
Nýir félagar hjartanlega velkomnir

Léttar veitingar í boði félagsins
Vonumst til að sem flesti sjái sér fært að mæta
með kveðju
Stjórnin

Messa á Einarstöðum



Messa með fermingu verður á Einarstöðum klukkan 11:00
næstkomandi sunnudag, 16. júní.
Fermingarþegi er Bjarni Jón Kristjánsson.
Allir velkomnir.
Séra Þorgrímur.

Sólstöðumessa á Helgastöðum



Helgistund veruð í kirkjugarðinum á Helgastöðum
klukkan 23:00 föstudaginn 21. júní.
Allir velkomnir.
Séra Þorgrímur.

24.tbl.
13. júní
2013
20. árg.

Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is,s:4643366/gsm:8953386



17. JÚNÍ HÁTÍÐARHÖLD Á LAUGUM



Að þessu sinni fara öll hátíðarhöldin fram á íþróttavellinum og í næsta nágrenni.

Dagskrá:

- Kl. 13:00 Blöðrusala og andlitsmálun við Vallarhús.
Verð á blöðrum kr. 500,-
- Kl. 13:45 Skrúðganga á íþróttavelli
- Kl. 14:00 Formleg dagskrá hefst
Ávarp fjallkonu
Hátíðarræða: Valgerður Gunnarsdóttir
Leikir og þrautir
Grillaðar pylsur og fleira til sölu
Bíósýning í Þróttó um klukkan 15:30. Frítt inn.
Nánar tilkynnt á staðnum.
Frítt í sundlaugin á Laugum í boði
Þingeyjarsveitar (opið 8 – 20)
Kaffihlaðborð í Dalakofanum (frá klukkan
15:00 – 17:00). Verð kr. 1.800,-

Mætum öll og skemmtum okkur saman.
Umf. Efling.

DALAKOFINN

Laugardaginn 15.júní verður markaðsdagur við Dalakofann frá kl. **13.00 – 16.00** Ennþá eru laus söluborð og þeir sem vilja selja eitthvað geta haft samband.

Um kvöldið kl **22** mun Hárbandið koma og flytja lög og texta eftir þá Sigga Illuga og Hödda Ben. Í Hárbandinu eru Höddi, Siggí, Kiddi, Pétur og Þórgnýr.

Aðgangseyrir er 500 kr.

17.júní verður kaffihlaðborð frá kl. **15 – 17**

Tilvalið að vera við hátíðarhöldin á Laugum og koma svo í kaffi í Dalakofann. Verð á mann er 1800 kr. og 900 fyrir börn.

Verið ávallt velkomin!

Dalakofinn / Útibú ehf.

s. 464-3344

Eldri borgarar Þingeyjarsveit

Nú styttest í sumarferðina til Vestfjarða. Lagt verður af stað þann 18. júní frá

Ýdölum	kl. 08:30
Breiðumýri	kl.08:45
Fosshóli	kl.09:00
Stjórutjörnum	kl 09:15

Fargjald 65 þúsud krónur fyrir manninn.

Leggist inn á reikning
1110 26 3337 kt.440708 0210